

Ósoneyðandi kælimiðlar

Efnaeftirlit í kjölfar ábendingar

Dagsetning	17. mars 2021
Fyrirtæki	Kælismiðjan Frost ehf.
Heimilisfang	Fjölнисgötu 4b, 603 Akureyri
Kennitala	430801-2360
Starfsemi	Framleiðsla á kæli- og loftræstibúnaði, þó ekki til heimilisnota
Eftirlitsstaður	Fjölнисgötu 4b, 603 Akureyri Suðurhrauni 12b, 210 Garðabæ
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Akureyri – Bragi Hlíðar Kristinsson Garðabær – Charles Ó. Magnússon
Eftirlitsmaður	Bergdís Björk Bæringsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Guðmundur Hannesson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með ósoneyðandi efnum hjá Kælismiðjunni Frost ehf. þann 17. mars 2021 á starfsstöðvum fyrirtækisins á Akureyri og í Garðabæ í kjölfar ábendingar um notkun og markaðssetningar ósoneyðandi kælimiðla sem ekki stæðust kröfur efnalaga nr. 61/2013. Skoðaðir voru kælimiðlar sem voru til staðar á lagerum á báðum starfsstöðum fyrirtækisins. Engir miðlar fundust við eftirlit á lager starfsstöðvarinnar í Garðabæ en á Akureyri fundust fjórir kútar sem ekki uppfylla kröfur sem settar eru fram í þeim lögum og reglugerðum sem falla undir umfang eftirlitsins, þar af innihélt einn kútur 4 kg af kælimiðlinum R22. Fyrirtækið hefur nú þegar brugðist við með því að afhenda alla fjóra kútana á móttökustöð fyrir spilliefni og telst málinu því lokið af hálfu Umhverfisstofnunar.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Notkun: Nýting ósoneyðandi efna eða nýrra efna til framleiðslu, viðhalds eða viðgerða, þ.m.t. enduráfylling, á vörum og búnaði eða nýting þeirra í öðrum ferlum.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 17. mars 2021, þar sem kynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar um notkun og markaðssetningar á ósoneyðandi kælimiðli sem ekki stæðist kröfur efnalaga nr. 61/2013, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd laganna. Eftirlitið fór fram sama dag á báðum stöðum og var markmið þess að skoða hvort tiltekna vörur í fyrirtækinu uppfylltu kröfur hvað varðar banni á markaðssetningu, útflutningi og notkun ósoneyðandi efna sem og búnaðar og hluta sem innihalda slík efni sbr. 25. gr. efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Markaðssetning og notkun slíkra miðla hefur verið alfarið bönnuð frá 1. janúar 2015. Einnig var beðið um upplýsingar um birgðastöðu lagerana.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldir ósoneyðandi kælimiðlar féllu undir umfang eftirlitsins: **R-22, R-401A og R-12.**

Í eftirlitsferð á starfsstöð fyrirtækisins á Akureyri fundust alls fjórir kútar undir kælimiðla, tveir þeirra voru merktir R-22, einn var merktur R-401A og einn merktur R-12. Þrír af kútunum reyndust vera tómir, en hinn fjórði innihélt 4 kg af R-22 og var þar um að ræða leifar úr kælikerfi sem búið var að taka niður fyrir viðskiptavin fyrirtækisins þegar unnið var að uppsetningu nýs kerfis sem notast við annan kælimiðil. Ekki var um markaðssetningu að ræða.

Allir fjórir kúturnir voru sendir samdægurs til eyðingar sem spilliefni hjá Terra á Norðurlandi, þar á meðal sá sem innihélt 4 kg af R-22, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Engir kælimiðlar sem féllu undir umfang eftirlitsins fundust við eftirlitið á starfsstöð fyrirtækisins í Garðabæ.

FRÁVIK¹

Eftirlitið leiddi ekki ljós frávik varðandi markaðsetningu á ósoneyðandi efnum.

ÁBENDINGAR

Í kjölfar eftirlitsins var fyrirtækinu gert ljóst að viðhald og viðgerðir á kælikerfum sem innihalda ósoneyðandi kælimiðla er bannað, en það flokkast undir hugtakið notkun sbr. reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Jafnframt er bent á að kælimiðlar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og tóku við af ósoneyðandi efnum í kjölfars takmarkana sem lagðar voru fyrir á alþjóðavísu á ósoneyðandi efnum. Hins vegar er útfösun hafinn á þeim miðlum sbr. reglugerð nr. 1066/2019 og því vekur Umhverfisstofnun athygli á því að takmarkanir eru nú þegar hafnar á áfyllingum, markaðssetningu og innflutningi sbr. reglugerðinni.

Reykjavík, 29. mars 2021

Bergdís Björk Bæringsdóttir

¹ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum